
Akureyrarkirkja

Leiguskilmálar fyrir tónleikahald



Akureyrarkirkja er hljómfögur kirkja og vel búin hljóðfærum og tækjum. Hún er eftirsótt til tónleikahalds og því um að gera að bóka hana með góðum fyrirvara. Helgihald og fastir liðir í starfi kirkjunnar ganga alltaf fyrir annarri starfsemi og því er kirkjan ekki laus til tónleikahalds alla daga. Af öryggisástæðum er hámarksfjöldi tónleikagesta 300.

Bókanir: Gyða Hrönn Sigþórsdóttir, ritari Akureyrarkirkju sér um að taka við tónleikabókunum í s. 462 7700, gyda@akirkja.is. Hún sér um að fá leyfi frá prestum og organistum kirkjunnar fyrir tónleikahaldinu. Við bókun þarf að liggja fyrir miðaverð, hversu umfangsmiklir tónleikarnir eru, fjöldi hljóðfæra, aukabúnaður eins og ljós og pallar o.s.frv. Einnig þarf að bóka aukaæfingar, ef einhverjar eru. Gæta þarf þess að textar og tónlist séu ekki óviðeigandi til flutnings í kirkju. Nauðsynlegt er að skila inn lagalista með nöfnum allra höfunda tónlistar svo hægt sé að greiða rétt STEF-gjöld. Þegar leyfi hefur fengist samþykkir leigutaki skilmála og leigusamning með því að fara inn á: <https://www.akureyrarkirkja.is/is/tonlist/tonleikarhald-i-akureyrarkirkju-leigusamningur>

Að tónleikum loknum: Fjarlægja skal allan búnað strax eftir tónleika. Í undantekningartilfellum er hægt að óska eftir því að búnaður fái að standa yfir nótt á ábyrgð leigutaka. Semja skal við kirkjuvörð á vakt um slíkt. Venjuleg þrif á kirkju eru innifalin í leiguverði. Akureyrarkirkja áskilur sér rétt til að rukka fyrir aukaprif á kirkju eftir tónleika, sé þess þörf. Leigutakar þurfa að samþykkja talningu á tónleikagestum hjá kirkjuverði eftir tónleika. Reikningur fyrir leigu berst frá ritara næstu mánaðarmót eftir tónleika.



Búnaður Akureyrarkirkju:

Pípuorgel: 49 radda, 3 borða P. Bruhn/Steinmeyer (1995/1961)

Flygill: Shigeru - Kawai SK-6 214 cm

Hammond E200

Leslie 3300

Rhodes 88 MK I

Schertler Jam 400 söngkerfi

2 Shure Beta 58a hljóðnemar

4 míkrofónsstatíf, 5 nótnastatíf

XLR og 1/4" jack snúrur

Léttir kórpallar í 3 hæðum

Tveir litaðir LED kastarar

4 púltljós

Húsnæði og þjónusta innifalin í leigu:

Kirkjan, forkirkja, salerni, skrudhús, kapella, kaffistofa, fundarsalur (ef laus)

laun eins kirkjuvarðar, venjuleg þrif eftir tónleika, deiling viðburða á

samfélagsmiðlum Listvinafélags Akureyrarkirkju

Hægt er að leigja stóra safnaðarsal kirkjunnar í sambandi við tónleika. Nánari upplýsingar hjá ritara.

Gjaldskrá:

Grunngjald: 30.000

Hlutfall af seldum miðum: 15%

Alltaf skal greiða grunngjald. Sé aðgangur að tónleikum ókeypis greiðist aðeins það gjald auk STEF-gjalda og hljóðfæragjalds. 15% hlutfall af seldum miðum leggst ofan á grunngjald.

Talning kirkjuvarðar á tónleikagestum gildir. Gera skal grein fyrir fjölda boðsgesta fyrir tónleika.

Flygill: 15.000 kr.

Flygill er að jafnaði stilltur 8-10 sinnum á ári. Sé óskað eftir sérstakri stillingu skal leigutaki standa straum af þeim kostnaði. Organistar kirkjunnar sjá um að panta stillingu.

Pípuorgel: 15.000 kr.

Einungis þeir sem menntaðir eru í orgelleik, eða hafa reynslu af umgengni við orgel fá að nota hljóðfærið. Orgelið er stillt einu sinni í mánuði og fyrir alla orgeltónleika.

Hammondorgel + Leslie: 10.000 kr.

Hafa skal samband við Eyþór Inga Jónsson, organista áður en hljóðfæri er notað

Rhodes rafmagnspíanó + Leslie: 10.000 kr.

Hafa skal samband við Eyþór Inga Jónsson, organista áður en hljóðfæri er notað

Leslie: 5.000 kr.

Schertler hljóðkerfi (+ hljóðnemar og snúrur): 5.000 kr.

Hámarks hljóðfæra/hljóðkerfisgjald er 30.000 kr.

Léttir kórpallar: Ókeypis

Ljósabúnaður: Ókeypis

STEF-gjöld:

Akureyrarkirkja innheimtir STEF-gjöld af leigutökum samkvæmt verðskrá og bætist sá kostnaður við húsaleigu:

<http://stef.is/vidskiptavinir/tonleikar/>

Aukaæfing: 6.000 kr/klst

Æfing allt að tveimur klukkustundum fyrir tónleika er innifalin í leigu. Sé óskað eftir æfingu utan þess tíma þarf að bóka hana sérstaklega.

Annað:

Allar auglýsingar eru á ábyrgð leigutaka. Hægt er að biðja um að tónleikar sé auglýstir á facebooksíðu Listvinafélags Akureyrarkirkju án aukakostnaðar. Hægt er að hengja upp auglýsingar í anddyri safnaðarheimilis og í auglýsingakassa fyrir framan kirkjuna.

Heimilt er að selja hljómdiska og annan varning í forkirkju fyrir og eftir tónleika. Leigutaki sér alfarið um söluna.

Leyfilegt er að taka upp hljóð og mynd á tónleikum í kirkjunni. Gæta þarf þess að allir sem koma fram á tónleikum séu samþykkir upptökum. Leigutaki er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í húsnæðinu á hans vegum.
